Ed. **505. Frumvarp til laga**

um heilsuverndarstöðvar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í kaupstað hverjum skal reka heilsuverndarstöð, nema ráðherra veiti undanþágu frá þeirri skyldu með ráði berklayfirlæknis, sbr. einnig ákvæði 6. gr.

Um skipun og rekstur heilsuverndarstöðvar fer samkvæmt lögum þessum og reglugerð, er hlutaðeigandi bæjarstjórn og stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags semja, en ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heilsuverndarstöð ber að rækja berklavarnarstarfsemi í umdæmi sínu samkvæmt ákvæðum berklavarnarlaga og nánari fyrirmælum berklayfirlæknis, en aðra víðtækari heilsuverndarstarfsemi eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Nú verður ágreiningur milli bæjarstjórnar og stjórnar sjúkrasamlags um verksvið heilsuverndarstöðvar og önnur ákvæði reglugerðar varðandi skipun hennar eða rekstur, og sker þá ráðherra úr ágreiningnum, að fengnum tillögum berklayfirlæknis og tryggingayfirlæknis.

3. gr.

Þriggja manna nefnd hefur á hendi stjórn heilsuverndarstöðvar, og tilnefnir hlutaðeigandi bæjarstjórn einn mann í nefndina, stjórn hlutaðeigandi sjúkrasamlags annan, en ráðherra samkvæmt tillögu berklayfirlæknis hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

Fela má með ákvæðum í reglugerð sjúkrasamlagi eða almennt viðurkenndu líknarfélagi rekstur heilsuverndarstöðvar.

Heilsuverndarstöð skal háð sérstöku eftirliti hlutaðeigandi héraðslæknis, nema hún sé undir stjórn sérstaks læknis, er ráðherra hefur viðurkennt.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi bæjarsjóðs, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs. Ráðherra úrskurðar reikninga heilsuverndarstöðva, að fengnu áliti berklayfirlæknis og tryggingayfirlæknis.

5. gr.

Heimilt er ráðherra að staðfesta reglugerð um rekstur heilsuverndarstöðvar í sveitarfélagi, þó að ekki sé kaupstaður. Nú er ekki rekið sjúkrasamlag í slíku sveitarfélagi, og skal þá sveitarsjóður ábyrgjast greiðslu á tvöföldu framlagi á móti styrk ríkissjóðs. Um stjórn slíkrar heilsuverndarstöðvar fer eftir hliðstæðum reglum þeim, er getur í 3. gr., eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er ráðherra með ráði berklayfirlæknis að heimila, að heilsuverndarstöð sveitarfélags taki að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir annað eða önnur sveitarfélög fyrir umsamið hæfilegt gjald, og fer um þann kostnað í samræmi við ákvæði 4. og 5. gr.

Í reglugerð má og ákveða, að tvö eða fleiri sveitarfélög sameinist um rekstur einnar heilsuverndarstöðvar. Um skipun, rekstur og stjórn slíkrar stöðvar fer í sem fyllstu samræmi við ákvæði þessara laga, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1945.